

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2022
Tilvísun: 2022111926/GIÁ

Efni: Umsögn Persónuverndar um áform um lagasetningu um ný lög um nafnskírteini

1.

Persónuvernd vísar til áforma um lagasetningu um ný lög um nafnskírteini, sem voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 18. nóvember 2022.

Í framangreindum áformum kemur fram að fyrirhugað sé að setja ný lög um nafnskírteini þar sem þær kröfur sem gerðar eru um útgáfu og notkun nafnskírteina samkvæmt gildandi lögum nr. 25/1965 standast ekki þær kröfur sem gerðar eru til öruggra persónuskilríkja, sbr. meðal annars þær kröfur sem gerðar eru til slíkra skilríkja í reglugerð (ESB) 2019/1157 um aukið öryggi persónuskilríkja. Þá kemur fram að fyrirhugað sé að gefa eigi út persónuskilríki sem uppfylli kröfur fyrrnefndrar reglugerðar hvað varðar form og öryggi og að skírteinið muni þá nýtast til öruggrar auðkenningar og sem ferðaskilríki á EES/Schengen-svæðinu.

Persónuvernd telur mikilvægt að sérstaklega sé hugað að eftirfarandi atriðum við undirbúning lagasetningarinnar.

2.

Öryggi persónuupplýsinga

Ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, sbr. 27. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, einnig nánari fyrirmæli í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Umfang slíkra öryggisráðstafana þarf ávallt að meta með hliðsjón af eðli og umfangi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með hverju sinni. Í 5. tölul. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1157 segir meðal annars að skírteinin skuli innihalda lífkennaupplýsingar skírteinishafa, andlitsmynd og gögn um fingraför til að staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti. Athygli er vakin á því að slíkar lífkennaupplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. e-lið, 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en við vinnslu slíkra persónuupplýsinga þarf að gæta sérstakrar varúðar umfram almennar persónuupplýsingar.

Um öryggi lífkennaupplýsinga er fjallað víða í reglugerð (ESB) 2019/1157, svo sem í 1. mgr. 10. gr., en þar segir meðal annars að upplýsingararnar skuli varðveittar á öruggan hátt (e. highly secure storage



medium) og leggur Persónuvernd áherslu á að sambærilegu ákvæði sem kveði á um öryggiskröfur upplýsinganna verði að finna í fyrirhuguðu frumvarpi.

3.

Varðveisla lífkennaupplýsinga

Við vinnslu persónuupplýsinga ber ábyrgðaraðila að gæta þess að persónuupplýsingar verði varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Í því samhengi er vakin athygli á því að reglugerð (ESB) 2019/1157 veitir aðildarríkjum ekki heimild til uppsetningar gagnagrunns með lífkennaupplýsingum, sbr. 21. lið formálsorða reglugerðarinnar, heldur ber að eyða öllum upplýsingum um lífkenni sem aflað var hjá því stjórnvaldi sem gaf út skírteinið þegar það er komið í vörslu skírteinishafa og eigi síðar en 90 dögum eftir útgáfu skírteinisins.

Persónuvernd áréttar að skýrt verði kveðið á um varðveislu og eyðingu persónuupplýsinga í fyrirhuguðu frumvarpi í samræmi við framangreint.

4.

Mat á áhrifum á persónuvernd

Loks bendir Persónuvernd á að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluadgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst samkvæmt nánari fyrirmælum 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þá segir í 10. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar m.a. að ef mat á áhrifum á persónuvernd hefur þegar farið fram, sem hluti af almennu áhrifamati í tengslum við samþykkt laga, sé ekki nauðsynlegt að láta slíkt mat fara fram áður en vinnslustarfsemi hefst.

Persónuvernd bendir einnig á að samkvæmt 4. og 5. tölul. 2. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluadgerðir sem krefjast þess að framkvæmt sé mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluadgerða á vernd persónuupplýsinga, þá er nauðsynlegt að framkvæma slíkt mat þegar gagnavinnsla er umfangsmikil, þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar viðkvæms eðlis og einnig þar sem beitt er nýrri tækni eða skipulagslausnum eða eldri tækni er beitt á nýjan hátt.

Af áformunum má ráða að gagnasöfnun um einstaklinga gæti orðið mjög víðtæk og umfangsmikil auk þess að fyrirhugað er að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Þá standa líkur til að notast verði við nýja tækni eða skipulagslausnir eða að eldri tækni verði beitt á nýjan hátt. Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) er tól til að meta og lágmarka áhættu fyrir persónuvernd einstaklinga við framkvæmd nýrra verkefna. Matið er mikilvægur hluti af „innbyggðri og sjálfgefinni persónuvernd“ sem er eitt af grundvallaratriðum persónuverndarlöggjafarinnar.


Að mati Persónuverndar er því ljóst að skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í áformum um lagasetningu. Ákjósanlegt væri að það mat væri framkvæmt við undirbúning lagasetningar, til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fullnægi kröfum laga nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Þá ætti að tilgreina forsendur matsins og niðurstöður þess í greinargerð með frumvarpinu.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við áformin. Persónuvernd áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum þegar drög að frumvarpi liggja fyrir. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línadal


Steinunn Birna Magnúsdóttir

